

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 849/1999 um eftirlit með innflutningi á sjávarafurðum, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

Á eftir 33. gr. reglugerðarinnar kemur nýr kafli svohljóðandi:

*Ákvæði um varnir gegn innflutningi á ólögmetum sjávarafurðum.*

#### 33. gr. a)

Innflytjandi skal tryggja að öllum sjávarafurðum sem fluttar eru til Íslands og afla allra erlendra skipa sem landað er á Íslandi fylgi veiðivottorð fánaríkis, í samræmi við kröfur Evrópusambandsins, ef fyrirhugað er að flytja aflann áfram inn á markað þess. Í veiðivottorði, sem staðfest er af lögbærum yfirvöldum fánaríkis veiðiskips, skal koma fram að afli skipsins hafi verið veiddur í samræmi við lög og reglur viðkomandi ríkis og í samræmi við alþjóðasamninga.

Innfluttum afurðum og afla skal ávallt haldið aðskildum frá afurðum og afla íslenskra skipa hvort sem er við flutning, geymslu, vinnslu eða útflutning.

#### 33. gr. b)

Þegar innfluttar sjávarafurðir eru unnar á Íslandi skal útflytjandi við endurútflutning þeirra inn á markað Evrópusambandsins gæta þess að þeim fylgi veiðivottorð staðfest af fánaríki sbr. 33. gr. a), eða afrit þess ef einungis er um að ræða hluta aflans sem getið er á veiðivottorðinu. Þá skal vinnsluleyfishafi gefa út yfirlýsingu, sbr. viðauka G við reglugerð þessa, þar sem fram kemur lýsing á vörunni, og staðfesting þess að viðkomandi afurð sé unnin úr afla samkvæmt meðfylgjandi veiðivottorði.

Fiskistofa staðfestir yfirlýsingu vinnsluleyfishafa, að höfðu samráði við Matvælastofnun. Til þess að staðreyna að upplýsingar í vottorði skv. viðauka G séu réttar skal Matvælastofnun hafa aðgang að öllum nauðsynlegum upplýsingum hjá vinnsluleyfishafa.

#### 33. gr. c)

Ef innfluttar sjávarafurðir eru ekki unnar á Íslandi, heldur einungis geymdar í tollvörugeymslu, er nægjanlegt við endurútflutning þeirra inn á markað Evrópusambandsins að þeim fylgi veiðivottorð staðfest af fánaríki, sbr. 33. gr. a) auk skjalfestrar staðfestingar á því að afurðin hafi ekki hlotið neina meðferð á Íslandi aðra en löndun, umskipun eða hverja þá meðferð sem nauðsynleg má teljast til að varðveita vöruna.

#### 2. gr.

Við þessa reglugerð bætist viðauki „IV. viðauki“ sem verður viðauki G sem birtur er með reglugerð þessari bæði á íslensku og ensku.

#### 3. gr.

1. mgr. 36. gr. verður svohljóðandi:

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum, 19. gr. laga nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum og 9. gr. laga nr. 22/1998 um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 31. gr. laga nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum, 19. gr. laga nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands,

með síðari breytingum og 9. gr. laga nr. 22/1998 um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum. Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2010.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 22. desember 2009.*

F. h. r.

**Steinar Ingi Matthíasson.**

*Kristján Freyr Helgason.*

**VIÐAUKI G**

**IV. VIÐAUKI**

Yfirlýsing skv. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. .../2008 frá 29. september 2008 um að koma á fót kerfi innan bandalagsins til að fyrirbyggja, hindra og uppræta, ólöglegar, óskráðar og eftirlitslausar veiðar.

Ég staðfesti að eftirfarandi unnar fiskafurðir: ... (vörulýsing og númer skv. sameinuðu tollnafnaskránni) voru fengnar úr afla sem fluttur var inn með eftirfarandi aflavottorði/aflavottorðum:

| Númer aflavottorðs | Nafn/nöfn og fáni/fánar skips/skipa | Staðfestingardagur/dagar | Lýsing afla | Heildarlöndunarþyngd (kg) | Unninn afli (kg) | Unnin fiskafurð (kg) |
|--------------------|-------------------------------------|--------------------------|-------------|---------------------------|------------------|----------------------|
|                    |                                     |                          |             |                           |                  |                      |
|                    |                                     |                          |             |                           |                  |                      |
|                    |                                     |                          |             |                           |                  |                      |

Nafn og heimilisfang vinnslustöðvar:

.....  
 .....  
 .....

Nafn og heimilisfang útflytjanda (ef annar en vinnslustöð):

.....  
 .....  
 .....

Samþykkisnúmer vinnslustöðvar:

.....

Númer og dagsetning heilbrigðisvottorðs:

.....

|                              |              |             |         |
|------------------------------|--------------|-------------|---------|
| Ábyrgðamaður vinnslustöðvar: | Undirskrift: | Dagsetning: | Staður: |
|------------------------------|--------------|-------------|---------|

Staðfesting lögbærs stjórnvalds:

.....

|                |                          |             |        |
|----------------|--------------------------|-------------|--------|
| Embættismaður: | Undirskrift og stimpill: | Dagsetning: | Staður |
|----------------|--------------------------|-------------|--------|

ANNEX IV

Statement under Article 14(2) of Council Regulation (EC) No .../2008 of 29 September 2008 establishing a Community system to prevent, deter and eliminate illegal, unreported and unregulated fishing

I confirm that the processed fishery products: ... (product description and Combined Nomenclature code) have been obtained from catches imported under the following catch certificate(s):

| Catch certificate number | Vessel name(s) and flag(s) | Validation date(s) | Catch description | Total landed weight (kg) | Catch processed (kg) | Processed fishery product (kg) |
|--------------------------|----------------------------|--------------------|-------------------|--------------------------|----------------------|--------------------------------|
|                          |                            |                    |                   |                          |                      |                                |
|                          |                            |                    |                   |                          |                      |                                |
|                          |                            |                    |                   |                          |                      |                                |

Name and address of the processing plant:

.....  
 .....  
 .....

Name and address of the exporter (if different from the processing plant):

.....  
 .....  
 .....

Approval number of the processing plant:

.....

Health certificate number and date:

.....

|   |            |       |        |
|---|------------|-------|--------|
| Responsible person of the processing plant: | Signature: | Date: | Place: |
|---|------------|-------|--------|

Endorsement by the competent authority:

.....

|           |                     |       |        |
|-----------|---------------------|-------|--------|
| Official: | Signature and seal: | Date: | Place: |
|-----------|---------------------|-------|--------|